

Samanburður á Orkukostnaði heimila árið 2019



Próunarsvið, 6. apríl 2020
Anna Lea Gestsdóttir

Samanburður á orkukostnaði heimila


Líkt og undanfarin ár, hefur Byggðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun, á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagns notkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Gert er ráð fyrir að varmadæla skili 50% sparnaði á raforku til húshitunar. Árlegir útreikningar eru nú til frá árinu 2013 og eru uppfærðir eftir því sem ástæða þykir til.

Við útreikninga þessa er almenn rafmagns notkun og fastagjald tekin saman annarsvegar og hitunarkostnaður hinsvegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september 2019 en til samanburðar eru gjöld frá sama tíma árin 2016 til 2018 en miðað er við sömu staði og fyrri ár en Mosfellsbæ og Hafnarfirði var bætt inn árið 2018. Á höfuðborgarsvæðinu eru sömu gjöld fyrir Reykjavík, Kópavog og Garðabæ þar sem Veitur ohf. eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni sem og til reksturs hitaveitu. Það sem er frábrugðið í Hafnarfirði er að HS Veitur eru með sérleyfið fyrir flutning og dreifingu á rafmagni en í Mosfellsbæ er Hitaveita Mosfellsbæjar með sérleyfi til reksturs hitaveitu.

Raforka


Á meðfylgjandi mynd má sjá **lægsta mögulega verð** á raforku sem notendum standur til boða á hverjum stað, með flutnings- og dreifingarkostnaði. Lægsta mögulega verð fæst í Mosfellsbæ, í Reykjavík, á Seltjarnarnesi og á Akranesi, um 78 þ.kr. en var fyrir ári síðan 79 þ.kr. á sömu stöðum. Hæsta gjald í þéttbýli er 91 þ.kr. en áberandi hærra eru verðin í dreifbýli. Hjá Orkubúi Vestfjarða er lægsta mögulega verð 53% hærri en lægsta verð, eða 120 þ.kr. Í dreifbýli hjá Rarik er verðið 119 þ.kr.

Raforkunotkun - lægsta mögulega verð 2019



Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendum er heimilt að kaupa raforku af hvaða sölufyrirtæki sem þeir kunna að kjósa en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem notendur geta fengið með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma. Munur á milli lægsta mögulega verðs og algengasta verðs hefur vaxið síðustu ár. Árið 2017 var munurinn mestur rúm 2% á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi en fór í 4% árið 2018. Nú er munurinn enn meiri og er nú mestur 4,73%.

%munur á algengasta og lægsta verði alm. raforkunotkunnar 2019



Húshitun

Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn á milli svæða öllu meiri en munurinn á hæsta og lægsta gjaldi er um 205%. Fyrir ári síðan var **lægsta mögulega verð** hæst í dreifbýli án hitaveitu hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, á Hólmavík, í Grundarfirði, á Neskaupstað, á Reyðarfirði og í Vopnafjarðarhreppi kr. 195.134. Þessir staðir eru áfram með hæstu gjöldin en hefur sá kostnaður lækkað um 0,65% á milli ára og er nú kr. 193.873.


Með notkun varmadæla getur húshitunarkostnaður, þar sem nú er bein rafhitun, lækkað umtalsvert. Þeir sem eru með beina rafhitun í sínu íbúðarhúsnæði geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Þau svæði sem í þessari greiningu eru með beina rafhitun eru eftirfarandi:

- Bolungarvík
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Höfn
- Ísafjörður
- Neskaupstaður
- Orkubú Vestfjarða – dreifbýli
- Patreksfjörður
- RARIK – dreifbýli
- Reyðarfjörður
- Seyðisfjörður
- Vestmannaeyjar
- Vopnafjörður

Lækkun á þessum svæðum getur verið um kr. 100.000 á heimili á ársgrundvelli miðað við 50% sparnað með varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu eða hitaveitu geta ekki fengið þessa eingreiðslu. Þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum ef útreikningar sýna fram á að það sé hagstæðara fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði að vera áfram með niðurgreidda rafhitun heldur en hitaveitu. Þau íbúðarhúsnæði sem eru með beina rafhitun í Vestmannaeyjum, og eiga ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna, geta sótt um eingreiðslu.

Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Flúðum kr. 63.616 en var 60.492 árið 2018. Þá kemur Seltjarnarnes með kr. 64.468 en var kr. 59.924 árið 2018. Þessir tveir staðir eru með áberandi lægsta kostnað. Húshitunarkostnaður á Flúðum er því innan við þriðjungur af húshitunarkostnaði þar sem hann er hæstur.


Húshitun - lægsta mögulega verð 2019



Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð húshitunarkostnaðar síðustu þriggja ára á **lægsta mögulega verði**. Líkt og í verði við almenna rafmagnsnotkun eru litlar breytingar á milli ára. Á Ísafirði og í Bolungarvík lækkar verðið hlutfallslega mest, um 3,4% á milli ára. Mesta hlutfallshækkun á sér stað á Seltjarnarnesi, um 6,1% á milli ára svo á Akureyri um 5,6% á milli ára.

Húshitun - lægsta mögulega verð

2017 2018 2019




Heildarorkukostnaður

Ef horft er til **lægsta mögulega verðs** heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða nú kr. 313.955 eða 0,4% lægri en árið 2018. Heildarorkukostnaður í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK er örlítið lægri kr. 313.174.

Heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Hólmanvík kr. 286.766 árið 2018 en er nú kr. 285.091 sem er lækkun um 0,6%. Miðað við þá staði sem nú er horft til var heildarkostnaðurinn lægstur á Seltjarnarnesi kr. 138.557 og er enn lægstur nú kr. 142.655 sem er hækkun upp á tæp 3%. Hæsta verð í þéttbýli er því 100% herra en það lægsta.


Orkukostnaður alls árið 2019



Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð heildar orkukostnaðar síðustu þriggja ára á **lægsta mögulega verði**. Verðmunur á milli ára innan sama svæðis er lítill en verulegur verðmunur er á milli svæða. Ef öll svæði sem nú eru með beina rafhitun myndu skipta í varmadælur, myndi munurinn minnka verulega.

Orkukostnaður alls - lægsta mögulega verð

2017 2018 2019



Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Hafa ber í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldská hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda.

Útreikningarnir miðast við upplýsingar um hitastig sem hitaveiturnar skila inn til Orkustofnunar, gjaldskrár dreifiveitna, orkusölufyrirtækja og hitaveitna. Öll verð eru með sköttum og öðrum gjöldum.

Hér má sjá upplýsingar um orkukostnað árin 2013 – 2019: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar>

Hér má sjá sambærilega skýrslu Bygðastofnunar um orkukostnað heimila árið 2018: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni>

Hér er tengill á vefsíðuna um eingreiðslur hjá Orkustofnun: <https://orkustofnun.is/orkustofnun/umsoknir/eingreidslur/>

Hér er tengill á lög nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sjá kafla III um eingreiðslur: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>